

Fréttablað Foreldrafélagsins

AÐVENTUSTUND

Þann 26. Nóvember næstkomandi mun foreldrafélagið í samstarfi við Bókasafn Seltjarnarnes halda hinn árlega Laufabrauðsdag.

Í ár verður laufabrauðsdagurinn með breyttu sniði en boðið verður upp á þægilega aðventustemmningu í aðdraganda jólaanna.

Bókasafnið býður upp á bókakynningu þar sem Gunnar Helgason, Sigrún Eldjárn og Bryndís Björgvinsdóttir rithöfundar munu lesa upp úr bókum sínum.

Skólakórar Grunnskólans, Meistari Jakob og Litlu Snillingarnir koma og syngja nokkur vel valin jólalög undir styrkri stjórn Ingu Bjargar.

Boðið verður upp á heitt súkkulaði og smákökur.

Skráið því strax í dagatalið, laugardaginn 26.nóvember frá klukkan 10 – 13.



ÁRGJALD FORELDRAFÉLAGSINS

Árgjald fyrir skólaárið 2011-2012 hefur verið ákveðið kr. 2000 á barn.

Ofan á það leggjast svo 120 kr. sem er innheimtugjald frá bankanum, en ákveðið hefur verið að fara bankaleiðina á ný þar sem gjöldin skila sér betur til félagsins þegar farin er sú leið.

Ágætlega tókst að innheimta í fyrra og greiddu um það bil 86% foreldra árgjaldið. Þegar farið var yfir stöðu reikninga í haust kom í ljós rekstrarhagnaður eftir síðasta skólaár og verða þeir peningar notaðir í tækjakaup og annað sem nýtist börnunum í skólanum. Dæmi um það er borðtennisborð í Valhúsaskóla og heimsókn Stjórnuversins í 5. og 6. bekk Mýrarhúsaskóla.

Vinsamlega sendið fyrirspurnir,
hugmyndir og lausn á gátum á
netfangið

forfelagsel@gmail.com

LEIÐARI

VEISTU HVAD BÝR AÐ BAKI ?

Almennt virðast foreldrar á Seltjarnarnesi vera meðvitaðir um börnin sín, hvað þau eru að gera, með hverjum og hvað er á dagskrá næstu vikur. Við erum ótrúlega heppin hversu góð tengingin er á milli skóla og tómstunda, sérstaklega fyrstu þrjú ár barnanna í skólanum. Ekki eru þó allar tómstundir í boði hérna, sem væri líka óraunhæft, en þó ættu flestir að finna eitthvað við sitt hæfi. Það sem hins vegar fékk mig til að hugsa var það að flestir foreldrar vita um barnið sitt en vita þeir um t.d. innviði skólastarfsins, tómstundastarfsins og alla þá vinnu sem liggur að baki þess hvað börnin okkar eru að gera? Til þess að geta svarað þessu verður maður að taka þátt. Taka þátt í því starfi sem í boði er fyrir foreldrana. Oft hefur heyrst að þetta sé svo mikið mál og jafnvel vesen en því er ég algjörlega ósammála. Það að taka þátt í foreldrastarfinu er mjög skemmtilegt og fræðandi. Foreldrastarfið er nauðsynlegt til að rödd okkar foreldra heyrist á réttum stöðum. Foreldrafélag Grunnskólans er hagsmunasamtök foreldra sem hefur það hlutverk að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Félaginu er því ætlað að vera virkt í allri umræðu er viðkemur skólastarfinu. Með því að taka þátt kynnast foreldra innra starfi skólans og geta haft áhrif á allar þær ákvarðanir sem skólayfirvöld taka.

Foreldrafélagið er með tvo fulltrúa í Skólaráði og einn áheyrnarfulltrúa sem situr á Skólanefndarfundum.

Foreldrafélagið er líka „skemmtinefnd“ fyrir börnin okkar og tekur virkan þátt í hinum ýmsu uppákomum eins og t.d. laufabrauðsdeginum, jólaballinu, 1.des ballinu, öskudeginum og að sjálfsögðu hinni árlegu vorhátíð.

Því hvetjum við alla þá sem hafa áhuga á að vera með að senda línu á netfangið forfelagnes@gmail.com því eins og einhver sagði „margar hendur, vinna létt verk“

Sigríður Sigmarsdóttir



Foreldrar!

**Við viljum minna á
að öll notkun farsíma
er bönnuð á skólatíma.**

**Einnig viljum við biðja ykkur
um að minna börnin ykkar
á orsakir og afleiðingar
gjörða sem
tengjast notkun
þessara tækja!**

VALFÖG Í VALÓ

Í haust var í fyrsta sinn boðið upp á valfög í 8.bekk en samkvæmt nýrri aðalnámskrá er heimilt að hafa valfög sem nemur fimmtungi stundatöflu. Nemendur völdu fög sem voru í boði á síðustu vorönn. Nú í haust bar á töluverðri óánægju með val, foreldrar höfðu ýmist ekki gert sér grein fyrir umfangi valfaga eða nemendur óánægðir með eigið val. Einnig var ósætti með svo mikið val meðan verið er að skera niður kennslu í grunngreinum eins og stærðfræði og íslensku. Eflaust verður staðið að þessu með öðrum hætti á þessu skólaári en ljóst er að foreldrar og nemendur verða að vanda til verka svo tíma barnanna sé varið á sem bestan hátt.


FORELDRARÖLT

Seltjarnarnes er eitt af fáum bæjarfélögum á Íslandi sem hefur starfrækt foreldrarölt sleitulaust í nær tvo áratugi eða frá árinu 1996. Upphaf skipulagðs foreldrarölds á Seltjarnarnesi má rekja til þess að foreldra vildu taka höndum saman og leggja sitt af mörkum til þess að gera þetta litla samfélag á Seltjarnarnesi öruggt og gott fyrir börn og unglina. En hvað er foreldrarölt?

Foreldrarölt er sjálfbóðaliðastarf foreldra og það er venjulega skipulagt af foreldrafélagi viðkomandi skólahverfis.

Markmið foreldrarölds er að virkja foreldra til samstöðu um að virða reglur um útivist barna og unglina og koma í veg fyrir hópamyndun unglina eftir lögbundinn útivistartíma. Foreldraröltið á Seltjarnarnesi er skipulagt í samstarfi við félagsmiðstöðina Selið en nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu foreldrafélags Grunnskóla Seltjarnarness.

Frá því að Seltirningar fóru að röltu hafa orðið miklar breytingar á útivistartíma unglina á Nesinu. Heyrir það nú til undantekninga að sjá börn og unglina á rangli um bæjarfélagið eftir lögbundinn útivistartíma.



Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á að vímuefnaneysla unglina á grunnskólaaldri hefur minnkað mikið á Seltjarnarnesi og náðst hefur sá frábæri árangur að ölvun meðal unglina á grunnskólaaldri er nú undir landsmeðaltali en var áður langt yfir landasmeðaltali.

Þessar niðurstöður má m.a. sjá í skýrslu Rannsóknar og greiningar „Vímuefnaneysla ungs fólks á Seltjarnarnesi“

Niðurstöður rannsókna meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk á Seltjarnarnesi árið 2011.

Undirrituð er sannfærð um að foreldraröltið hafi átt sinn þátt í þeim árangri sem náðst hefur í að draga úr áfengis- og vímuefnaneyslu unglina á Seltjarnarnesi og geta Seltirningar verið stoltir af því. Það er því mikilvægt að halda þessu góða starfi áfram. Foreldrar hafa líka nefnt að gaman sé að hitta aðra foreldra, spjalla og fá sér góðan göngutúr í leiðinni. Stöndum vörð um velferð barnanna okkar og styðjum góðar gjörðir. „Allir á röltið“

Margrét Sigurðardóttir
Æskulýðsfulltrúi og Forstöðukona Selsins

Hvernig get ég sem foreldri barns í Grunnskóla Seltjarnarness haft áhrif á skólalald?

Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólalald. Í Grunnskólalögum er kveðið á um að skólaráð skuli vera starfandi við alla grunnskóla landsins.

Skólaráð skal skipað tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, einum fulltrúa úr grenndarsamfélaginu auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélags um skólalald. Skólaráð fundar annan hvern mánuð, hægt er að nálgast fundagerðir þeirra funda inn á vef skólans undir foreldrar – skólaráð - fundagerðir. Hlutverk skólaráðs er að fara yfir skólanámskrá og aðrar áætlanir og gefa umsögn til skólastjórnenda og skólanefndar. Fylgjast með framkvæmd áætlana og að þær séu kynntar foreldrum. Koma á framfæri sjónarmiðum og hugmyndum foreldra til skólastjórnenda og skólanefndar. Foreldrar eru hvattir til að leita til fulltrúa foreldra í skólaráði með öll þau málefni sem brenna á þeim og falla undir verksvið ráðsins.

Stjórn Foreldrafélagsins 2011-2012

Erla Gísladóttir – Formaður
Ingileif Jóhannesdóttir – Gjaldkeri
Helga Sverrisdóttir – Ritari
Hildur Jóhannsdóttir
Halldóra Pálsdóttir
Sigurlína Margrét Magnúsdóttir
Sigríður Sigmarsdóttir

Næsti viðburður:
Aðventustund 26. Nóv
frá kl 10-13



Nú er tilvalið að leggja höfuðið í bleyti og sjá hvort þið eða börnin ykkar eru fljótari.

Setjið saman neðangreindar myndir með eldspýtum og finnið út rétt form samkvæmt leiðbeiningum.

Sendið síðan mynd, teiknaða eða á word skjali á forfelagsel@gmail.com, setjið í subject "lausn á þraut".

Dregið verður úr réttum svörum og í verðlaun eru 20 óútskornar laufabrauðskökur sem afhentar verða 26.nóvember á laufabrauðsdeginum.


Nafn vinningshafa verður birt á vefsíðu skólans

www.grunnskoli.seltjarnarnes.is/foreldrar


Munið að setja nafn og símanúmer með.

Dregið verður úr réttum svörum 24.nóvember.

Hérna eru 5 ferningar. Færa skal tvær eldspýtur til þannig að eftir standi 4 ferningar. Notaðu allar eldsýturnar og þær verða allar að vera hluti af ferningi.



Ferningur er ferhyrningur þar allar hliðarnar eru jafnlangar.



Hérna eru 7 ferningar. Færa skal þrjár eldspýtur til þannig að eftir standi 5 ferningar. Notaðu allar eldsýturnar og þær verða allar að vera hluti af ferningi.